

# FLÓRGOÐINN

# GLEÐILEG JÓL

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

4. tbl. 14. árgangur



## Sparikökur



2 dl hveiti  
1 dl sykur  
1 dl muldar kornflögur  
1 msk kókosmjöl  
¼ tsk salt  
¼ tsk matarsódi  
50 gr smjörlíki  
50 gr súkkulaðispænis  
1 egg

Aðferð:

Kveikið á ofninum og stillið á 200°C á undir og yfirhita. Mælið öll þurefni í skál og hræið vel saman. Kalt smjörlíkið er mulið saman við hveitiblönduna, egginu bætt út í og hnoðið vel saman. Skiptið deiginu í sex jafn stóra hluta og rúllið í lengjur sem skipt er í 12 jafnstóra bita og mótið kúlur. Raðið á plötu og bakið í 10 til 12 mínútur.

## Jól í miðbænum

Nemendur í 6. bekk Áslandsskóla taka þátt í að skreyta miðbæ Hafnarfjarðar fyrir jólin



Nemendur í 6. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði hafa undanfarið ár útbúið jólaskreytingar í Hellisgerði fyrir jólin. Nú hefur verkefnið verið fært til og munu verk nemenda í Áslandsskóla vera til sýnis við hlið Verslunar Einars Þorgilssonar á Strandgötu - reyndar heitir búðin eitthvað annað í dag - beint á móti Vesturbæjarisbúðinni.

Ég hvet alla til að kíkja á jólatré nemenda í 6. bekk - virklega flott verkefni.



**ÁSLANDSSKÓLI****& MÆÐRASTYRKSNEFND**

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin níu skólaár að hver nemandi/starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsum framlagi til Mæðrastyrksnefndar í stað pakkaleikja fyrir jólin.

Nemendur afhenda sínum umsjónarkennara framlag sitt þriðjudaginn 15. desember eða koma með það á skrifstofu skólans.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið. Fjármunum verður síðan safnað saman og afhentir fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar á sal skólans föstudaginn 18. desember kl. 12.40.



# JÓLAHALD

Jólahald í Áslandsskóla verður með hefðbundnu sniði.

Jólaböll, Litlu jól og jólamorgunstundir.

Dagskráin hér fyrir neðan á við föstudaginn 18. desember nema annað sé tekið fram sérstaklega.

**1. bekkur**

Litlu jól 9.00-9.55  
Stofujól 8.10-9.00

**2. bekkur**

Litlu jól 8.10-9.00  
Stofujól 9.00-10.00

**3. bekkur**

Litlu jól 10.00-10.50  
Stofujól 9.10-10.00

**4. bekkur**

Litlu jól 11.00-11.50  
Stofujól 10.00-11.00

**5. bekkur**

Litlu jól 12.00-12.50  
Stofujól 11.10-12.00

**6. bekkur**

Litlu jól skemmtun með Tjarnarási 16. des  
Stofujól 10.00-11.00

**7. bekkur**

Litlu jól - jólaball 17.00-19.00 17. des  
Stofujól 10.00-11.00 18. des

**8. bekkur**

Litlu jól - jólaball 20.00-22.00 17. des  
Stofujól 19.00-20.00 17. des

**9. bekkur**

Litlu jól - jólaball 20.00-22.00 17. des  
Stofujól 19.00-20.00 17. des

**10. bekkur**

Litlu jól - jólaball 20.00-22.00 17. des  
Stofujól 19.00-20.00 17. des

## APP kynning - QR Reader

QRReader frá t.d. frá TabMedia Ltd er mjög gott app til að búa til QR kóða.

Einfalt í notkun og skemmtilegt. Eftir að QR kóðin hefur verið búinn til er annar ípad notaður

við að skanna kóðann með því að beina myndavélinni á kóðann. Það er engin þörf á að taka mynd eða ýta á hnapp. QR Code Reader vinur sjálfkrafa úr kóðanum sem myndavélinni er beint að. Þegar skönnuninni

er lokið fer ípadinn sjálfkrafa á þann stað sem kóðinn vísar þér á. Kóðinn getur innihaldið vefsíðu, texta mynd símanúmer eða tengilliðaupplýsingar og þú þeirinn um að grípa til viðeigandi aðgerða.



## Jól í skókassa

Nemendur í Óðinsheimum, Baldursheimum og Þórsheimum tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa.

Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælt til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa.

Fyrir jólin 2004 ákvað hópur ungs fólks innan KFUM & KFUK að láta reyna á verkefnið hér á landi. Undirtektirnar voru frábærar og söfnuðust rúmlega 500 kassar það árið.

Verkefnið hélt svo áfram að spyrjast út og árið 2005 urðu skókassarnir 2600. Sú tala hefur síðan tvöfaldast því undanfarin ár hafa borist í kringum 5000 gjafir.

Skókassarnir verða sendir til Úkraínu. Í Úkraínu búa um 46 milljónir manna. Atvinnuleysi er þar mikið og ástandið víða bágborið.

Nemendur í Óðinsheimum, Baldursheimum og Þórsheimum ákváðu að taka þátt þetta árið.

Myndir af þessu skemmtilega framtaki þeirra má sjá hér á síðunni, sannarlega þjónusta við samfélagið.

### MYNDIR JÓL Í SKÓKASSA



### APP kynning - Stop Motion

App til að búa til lítil myndbönd með figúrum eins og lego köllum og bara hverju sem, einnig er hægt að nota appið til að búa til myndbönd af ljósmyndum.

Appið útskýrir sig alveg sjálft

þegar byrjað er að vinna með það.

Skemmtilegt app sem hægt er að nota við allskonar skilaverkefni.



## Prófað rafrænt

Kennarar í eldri bekkjum prófa sig nú áfram með að prófa nemendur með rafrænum hætti. Nemendur afgreiða Skólapúlsinn í Ipad.

Unnið er að því að innleiða námsumsjónarkerfi í eldri bekkjum Áslandsskóla sem byggir á moodle kerfinu. Nemendur í 8. bekk tóku rafrænt próf í náttúrufræði á dögnum í spjaldtölvum sínum. Að prófi loknu fengu nemendur niðurstöður samstundis og gátu farið yfir prófið sitt.

Að sögn nemenda var þetta skemmtileg tilbreyting og þægilegt að fá endurgjöf strax að loknu prófi. Ljóst er af þessari reynslu að slík prófun er komin til að vera og fleiri námsgreinar munu án efa fylgja í kjölfarið.

Þá hafa nemendur sem lent hafa í úrtakshópum Skólapúlsins í október og nóvember tekið sínar kannanir á sínum Ipad spjaldtölvum, en slíkt auðveldar til muna skipulag slíkra prófana. Slóðin á kerfið er moodle.aslandsskoli.is

## DANSKA

16

STARFSFÓLK  
ÁSLANDS-  
SKÓLA  
Ó S K A R  
NEMENDUM  
OG FJÖL-  
SKYLDUM  
PEIRRA OG  
ÖLLU SKÓLA-  
SAMFÉLAGINU  
GLEÐILEGRA  
JÓLA.

K E N N S L A  
HEFST Á  
NÝJU ÁRI  
SAMKVÆMT  
STUNDASKRÁ  
PRIÐJUDAG-  
INN 5. JANÚAR  
2016



Nemendur í 8. bekk unnu dúkkulísurúllettu í tvær vikur þar sem þau bjuggu til dúkkulísur, skrifuðu upplýsingar um dúkkulísuna og gerðu ættartré.

Þau kynntu þetta síðan í tíma à dönsku og tókst verkefnið mjög vel sem og kynningar. Flestir lögðu mikla vinnu í þetta og uppskáru flott verkefni fyrir vikið.

## Á döfinni

DESEMBER

4

11

16

DESEMBER

4.12. Jólaskreytingadagur  
11.12. Helgileikur 1-4. bekkur og jólamorgunstund  
16.12. Jólabbal Tjarnarás með nemendum í 6. bekk

16

17

18

DESEMBER

16.12. Helgileikur 5.-7. bekkur og jólamorgunstund  
17.12. Sameiginleg jólasöngstund og jólaþeysudagur ALLIR  
18.12. Jólabböll og Litlu jól

## ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri